



**Knattspyrnudeild UMFN**  
**Afreksbraut 10, 260 Reykjanesbæ**

**Gylfi Þór Gylfason, Formaður**

*Reykjavík, 22. september 2020*

**Úrskurður: Atvik í leik Njarðvíkur og Kára í 2. deild karla 13. september 2020**

Á fundi Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 22. september 2020, var tekið fyrir erindi sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar með vísan til greinar 19.2. í lögum KSÍ og 6. greinar reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Erindið varðaði atvik er átti sér stað í leik Njarðvíkur og Kára í 2. deild karla þann 13. september 2020. Erindið barst nefndinni þann 17. september síðastliðinn og var þá ákveðið að gefa hlutaðeigandi aðilum kost á að skila skriflegri greinargerð um málið fyrir kl. 12:00 þriðjudaginn 22. september.

Í samræmi við ákvæði 6.2. og 6.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um önnur mál sem framkvæmdastjóri KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau. Nefndin getur úrskurðað um alvarleg agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik og brugðust því ekki við.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar 22. september lá fyrir skrifleg greinargerð frá Njarðvík dags. 21. september 2020. Að henni virtri og öðrum fyrirbyggjandi gögnum er það mat nefndarinnar að um sé að ræða alvarlegt agabrot sem hvorki dómari né aðstoðarmenn hans sáu í leik Njarðvíkur og Kára í 2. deild karla þann 13. september sl. Vegna þess sé skýr grundvöllur, sbr. gr. 6.5., að notast sé við myndbandsupptöku við ákvörðun viðurlaga. Hefur nefndin ákveðið, með vísan til ákvæða 6.2. og 6.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, að úrskurða Marc Mcausland, leikmann Njarðvíkur, í tveggja leikja bann vegna atviksins í framangreindum leik, samkvæmt 13. gr. sömu reglugerðar. Leikbann Marc Mcausland tekur gildi við uppkvaðningu úrskurðar.

Virðingarfyllt,  
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson